



Selfossi 3. febrúar, 2015

Fundargerð fagráðs

8. fundur fagráðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn 3. febrúar 2015 kl. 8:15, í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi, Funa.

Mætt: Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri, Ari B. Thorarensen formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Eyþór H. Ólafsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Ari bauð fundarmenn velkomna og setur fund kl 8.15.

- 1. Farið yfir fund sem slökkviliðsstjórar áttu með fulltrúum HSu.**
Umræða um fundinn til upplýsinga fyrir fagráðsmenn.
- 2. Farið yfir fund sem slökkviliðsstjórar áttu með fulltrúum Brunavarna Rangárvallasýslu**
Umræða vegna áhuga Rangæinga á samstarfi og jafnvel sameiningu við B.Á. Farið yfir búnaðarmál og stöðuna almennt.
- 3. Áhrif kjarasamninga og fleira**
Formaður fór yfir þá þætti sem Héraðsnefnd vildi kanna varðandi kostnað sveitarfélaga af rekstri Brunavarna Árnæssýslu, nýgerðir kjarasamningar og fl. hefur þar töluverð áhrif. Leitað hefur verið til aðila sem hafa þekkingu á rekstareiningum sem þessum til að yfirfara kostnaðarþætti og gera e.t.v tillögur um kostnaðarlækkun án þess að skaða öryggi.
- 4. Önnur mál:**
 - a. Fundur Mannvirkjastofnunar með slökkviliðsstjórum verður á Selfossi í mars. Fagráðsmenn boðnir velkomnir á fundinn.
 - b. Stjórnendanámskeið verður um næstu helgi hér í Funa og koma slökkviliðsmenn víðsvegar af landinu.
 - c. Almenn umræða um sameiningar slökkviliða á landsvísu.
 - d. Brunavarnaráætlunin er tilbúin en búin að vera í salti vegna niðurstöðu Héraðsnefndar varðandi framkvæmdaáætlunina. Það þarf að senda hana aftur til umsagnar miðað við breytta framkvæmdaáætlun.
 - e. Fagráðið vill þakka Snorra Baldurssyni fyrir góð störf í gegnum tíðina.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9.55